

Truenorth ehf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. ágúst 2019
UST201908-063/H.H.
09.04.00

Efni: Umsókn um ljósmyndatökuleyfi/drónaflug- Skógafoss og Dyrhólaey

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth ehf., dagsett 9. ágúst 2019, um ljósmyndatöku og drónaflug við Skógafoss og Dyrhólaey.

Skógafoss er friðlýstur sem náttúruvætti sbr. auglýsing í nr. 477/1987. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og raska jarðmyndunum innan svæðisins. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir skulu ekki trufla dýralíf innan náttúruvættisins og truflun við aðra gesti skal vera í lágmarki. Kvikmyndataka, ljósmyndun og viðburðir sem geta haft áhrif á náttúru svæðisins og upplifun gesta eru háðir leyfi Umhverfisstofnunar.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnatíðindum nr. 101/1978. Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða ljósmyndatöku ásamt dróna flugi við Skógafoss og Dyrhólaey einn dag á tímabilinu 15.-16. ágúst 2019. Ozzophotography.com munu sjá um allt drónaflug. Myndatakan á að fara fram á malarströnd fyrir framan fossin þar sem áin rennur framhjá. Áætluð flughæð yfir ánni fyrir framan fossin er 30 metrar. Við Dyrhólaey á að fljúga drónanum frá Dyrhólaeyjarvita og út í átt að Tó í 50 metra hæð. Notast verður við einn hest við Dyrhólaey. Fjöldi starfsmanna sem koma að verkefninu eru 17 og notast verður við 4 sendiferðabifreiðar við flutning á fólki og búnaði. Ekki verður þörf að fara út fyrir stíga eða vegi.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni ekki valda truflun á náttúrufar svæðisins við Skógafoss. Drónanotkun getur hinsvegar haft neikvæð áhrif á bæði fuglalíf og upplifun gesta svæðisins. Til að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á náttúrufar, dýralíf og aðra gesti er æskilegt að sá tími sem tókur standa yfir sé eins stuttur og kostur er. Einnig er mikilvægt að fljúga dróna hvorki nálægt fuglum á svæðinu né gestum. Mikilvægt er að engin ummerki verði eftir að tókum hefur lokið.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ljósmyndatöku við Skógafoss og Dyrhólaey sbr. lýsingu hér að ofan tímabilið 15.-16. ágúst að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar á internetinu skal það tekið fram í myndbandinu að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Koma skal fyrir merkingum á tókustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Vegna lífríkisverndar er óheimilt að fljúga inn í gilið við Skógafoss.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisástæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Leyfi Matvælastofnunar gæti þurft þarf vegna notkunar dýra í tökunum.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.


Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Hildur Hafbergsdóttir
Sérfræðingur



René Biasone
sérfræðingur